

**Sp. 413. Tillaga til þingsályktunar [234. mál]**

um niðurfellingu söluskatts af raforku til dælingar á hitaveituvatni.

Flm.: Sverrir Sveinsson, Jón Sveinsson, Ingvar Gíslason,  
Pórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að söluskattur verði ekki innheimtur af raforku til dælingar á hitaveituvatni.

**Greinargerð.**

Mikill hluti af rekstrarkostnaði hitaveitna er fólgin í kaupum á raforku til dælingar á vatni. Söluskattur hefur verið innheimtur af raforku til dælingar þrátt fyrir þá almennu stefnu, sem mörkuð er í reglugerð um söluskatt, nr. 486/1982, að dregið sé úr húshitunarkostnaði, sbr. 19. og 20. tölul. 13. gr. og 12., 13. og 22. tölul. 14. gr. þeirrar reglugerðar, sbr. og 7. gr. l. nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku, og 1. gr. reglugerðar nr. 317/1974.

Samband íslenskra hitaveitna og orkusparnaðarnefnd hafa fengið því framgengt að söluskattur verði ekki innheimtur af raforku til varmadæla, en slík tæki er verið að setja upp

um þessar mundir og gert ráð fyrir að þau verði tekin til enn frekari nota á næstu árum. Tilgangur þeirra er að vinna hita úr volgu vatni, t. d. lághitavatni og bakrennslisvatni hitaveitna, með raforku. Án niðurfellingar söluskatts af raforku til þessara nota væri þessi tækni óarðbær.

Sú er skoðun flutningsmanna, og það er einnig álit Sambands íslenskra hitaveitna, að raforka til dælingar á hitaveituvatni skuli með sömu rökum og ráðuneytið féllst á gagnvart varmadælum undanþegin söluskatti. Í bréfi til Sambands ísl. hitaveitna 6. des. 1983 lýsti fjármálaráðuneytið þeirri skoðun sinni að flutningur orku verði ekki lagður að jöfnu við framleiðslu hennar. Þessi skýring ráðuneytisins telur Samband ísl. hitaveitna að byggist á misskilningi þar sem í báðum tilvikum er um öflun orku („framleiðslu“) að ræða. Í öðru tilvikinu er framleitt nothæft hitaveituvatn úr afrennslisvatni með raforku. Í hinu tilvikinu er öflun orkunnar („framleiðsla“) fólgin í því að dæla laugarvatni upp úr borholum og koma til notenda með raforku. Í báðum tilvikum er raforka, á viðunandi verði, forsenda orkuöflunar eða „framleiðslu“ á nothæfu hitaveituvatni á samkeppnisfæru verði.

### Fylgiskjal.

Hr. fjármálaráðherra Albert Guðmundsson  
Fjármálaráðuneyti  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík.

12. janúar 1984.

Í framhaldi af samtali okkar í gær sendist hjálagður listi yfir greiddan söluskatt hitaveitna árið 1982 ásamt áætlun fyrir árið 1983 (áætlunin er miðuð við verðbólguforsendur ágúst/sept. s. l.).

Með bestu kveðju.  
Samband ísl. hitaveitna.  
Eggert Ásgeirsson.

Hitaveita	Söluskattur	
	1982	1983 áætl.
Akraness og Borgarfjarðar	228 370,00	537 527,00
Akureyrar	606 000,00	1 796 000,00
Bessastaðahrepps	0	0
Egilsstaða og Fella	176 964,00	371 052,00
Eyra	0	0
Flúða og nágrennis	18 347,00	44 254,00
Hafnarhrepps	0	0
Hvammstanga	46 200,00	80 600,00
Hveragerðis	22 314,00	40 000,00
Laugaráss	0	0
Mosfellshrepps	0	0
Reykjahlíðar	0	0
Reykjavíkur	4 900 000,00	11 700 000,00
Sauðárkróks	87 200,00	152 100,00
Selfoss	309 328,00	507 775,00
Seyðisfjarðar	0	0
Siglufjarðar	94 213,00	255 887,00
Suðurnesja (munnl.)	0	0
Svalbærstrandarhrepps	0	0
Vestmannaeyja	126 661,00	319 000,00
Þorlákshafnar	10 835,01	18 719,50
	6 626 432,01	15 822 914,50

Innkomin svör 6. desember 1983.